



# Sjálfsmatsskýrsla 2019-2020

Mat á skólastarfi Grunnskólans Hellu

## [Stýrihópur um sjálfsmat](#)

Kristín Sigfúsdóttir, Kristinn Ingi Austmar Guðnason, Særún Sæmundsdóttir,  
Muhammad Azfar Karim og Björk Steingrímsdóttir Atkins

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
1. Inngangur .....	4
2. Mat á skólastarfi Grunnskólans á Hellu .....	4
2.1 Markmið og tilgangur matsins.....	4
2.2 Sjálfsmatsaðferð Grunnskólans á Hellu .....	4
2.3 Viðmið og matsspurningar .....	5
2.4 Gögn sem liggja til grundvallar greiningu.....	5
3. Einkenni skólans .....	6
4. Stefna og markmið Grunnskólans á Hellu .....	6
4.1 Markmið skólastarfsins .....	8
4.2 Nemandinn í öndvegi .....	9
4.3 Samstarf við heimili og grenndarsamfélag.....	9
4.4 Fjölbreyttir kennsluhættir .....	10
4.5 Stefna skólans í þróunar- og nýbreytnistörfum .....	11
4.6 Stefna og fyrirkomulag skólamötuneytis.....	16
4.7 Heimasíða skólans og facebook. ....	17
5. Nám og kennsla.....	18
5.1 Skipulag og ábyrgð á kennslu nemenda .....	19
5.2 Samkennsla og skiptistundir.....	19
5.3 Sérkennsla.....	20
5.4 Nýbúakennsla .....	20
5.5 Heimanámsaðstoð.....	21
6. Námsmat.....	21
6.1 Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk .....	21
6.3 Skimanir .....	22
7. Nemendur og líðan .....	22
7.1 Félagslíf nemenda.....	23
7.3 Ástundun nemenda .....	23

8. Starfsfólk og starfsmannastjórnun.....	24
9. Aðbúnaður.....	25
10. Stjórnun.....	25
11. Ytri tengsl.....	26
12. Mat á skólastarfinu.....	27
13. Ógnanir.....	32
14. Umbætur.....	32
15. Niðurstöður.....	42
15.1 Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?.....	43
15.2 Líður starfsmönnum og nemendum vel í skólanum og eru þeir ánægðir með skólann sem vinnustað?.....	43
15.3 Stuðlar skólinn að framförum og áhuga á lestri?.....	43
15.4 Stuðlar skólinn að heilbrigðum lífsstíl?.....	44
15.5 Er námsumhverfið hvetjandi, skapandi og fjölbreytt og tekur mið af mismunandi þörfum nemenda?.....	44
15.6 Stuðlar skólinn að góðum samskiptum við nærsamfélagið?.....	45
Viðaukar.....	<b>Villa! Bókamerki ekki skilgreint.</b>
16.1 Húsnæðismál skólans.....	<b>Villa! Bókamerki ekki skilgreint.</b>
16.2 Fylgiskjöl.....	<b>Villa! Bókamerki ekki skilgreint.</b>

# 1. Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir skólastarfi Grunnskólans á Hellu og með hvaða hætti lagt er mat á starfið sem þar fer fram. Fyrst verður gerð grein fyrir markmiðum, tilgangi og sjálfsmatsaðferð skólans, þeim viðmiðum sem hann setur sér, matsspurningum og þeim gögnum sem notuð voru við matið. Þá er fjallað um afmarkaða þætti skólastarfsins. Í síðari hluta skýrslunnar er fjallað um mat á skólastarfinu og umbætur sem framkvæmdar voru og umbætur fyrir næsta skólaár kynntar. Við mat á skólastarfinu eru notaðar kannanir sem Skólapúlsinn framkvæmir en Skólapúlsinn er óháður úttektaraðili sem vinnur fyrir grunnskóla landsins. Skólaárið 2019-2020 samanstóð stýrihópur af stjórnendateymi skólans ásamt tveimur fulltrúum starfsfólks. Skýrslan sem er sú níund sem gefin er út gerir grein fyrir skólastarfi og umbótum skólans út frá könnunum, prófum og samstarfsfundum.

## 2. Mat á skólastarfi Grunnskólans á Hellu

### *2.1 Markmið og tilgangur matsins*

Markmið matsins er lögum samkvæmt að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun, tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla, auka gæði náms og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Grunnskólinn á Hellu metur innra starf skólans með kerfisbundnum hætti með virkri þátttöku nemenda, foreldra og starfsmanna eftir því sem við á.

Tilgangur sjálfsmatsins er einkum sá að gera starfsfólki skólans auðveldara að vinna að markmiðum skólans, vinna skólanum gagn með markvissu umbótastarfi og upplýsa yfirvöld og almenning um starfið.

### *2.2 Sjálfsmatsaðferð Grunnskólans á Hellu*

Sjálfsmat Grunnskólans á Hellu grundvallast á lögum um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla, stefnu skólans og skólanámskrá. Leitast er við að beita fjölbreyttum aðferðum við sjálfsmatið, bæði formlegum og óformlegum. Formlegu aðferðirnar felast í því að skoða á kerfisbundinn hátt gögn sem snúa að skólastarfinu og þær óformlegu felast í þeim ákvörðunum sem teknar eru frá degi til dags og umræðum á starfsmannafundum, kennarafundum, stigsfundum, foreldrafundum og

skólaráðsfundum auk starfsmannaviðtala. Í skýrslunni er gerð grein fyrir innra mati skólans, matið er altækt og nær til allra þátta skólastarfsins. Lokahluti matsins greinir frá umbótaáætlun sem niðurstöður matsins eru byggðar á.

Sjálfsmati Grunnskólans á Hellu er ætlað að mæla hvernig skólanum hefur tekist að ná tilætluðum árangri. Í upphafi hvers skólaárs er settur saman stýrihópur til þess að skipuleggja matsverkefni og innleiða vinnulag við þau.

Fyrir liggur verkáætlun um sjálfsmat Grunnskólans á Hellu 2017-2020.

Starfendarannsóknir/jafningjamat kennara hefur ekki enn komist í framkvæmd. Við stundatöflugerð vorið 2020 voru lögð drög að starfendarannsóknum sem fara munu fram á næsta skólaári.

Í vetur hefur verið unnið að nokkrum þáttum sem gerðar voru athugasemdir við í ytra mati veturinn 2016-2017, má þar nefna mótun nemendasamtala, innleiðingu nýs námsmats og starfendarannsóknir. Reiknað er með að þetta komi til framkvæmda á næsta skólaári. Skólaráð er ráðgefandi í stefnumörkun skólans og fundar reglulega.

### ***2.3 Viðmið og matsspurningar***

Eftirfarandi gögn voru notuð sem viðmið við matið:

1. Lög og reglugerðir.
2. Leiðarljós skólans.
3. Eftirfarandi sex matsspurningar:
  1. **Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?**
  2. **Líður starfsmönnum og nemendum vel í skólanum og eru þeir ánægðir með skólann sem vinnustað?**
  3. **Stuðlar skólinn að framförum og áhuga á lestri?**
  4. **Stuðlar skólinn að heilbrigðum lífsstíl?**
  5. **Er námsumhverfið hvetjandi, skapandi og fjölbreytt og tekur mið af mismunandi þörfum nemenda?**
  6. **Stuðlar skólinn að góðum samskiptum við nærsamfélagið?**

### ***2.4 Gögn sem liggja til grundvallar greiningu***

1. Stefnumiðað árangursmat Grunnskólans á Hellu.

2. Niðurstöður Skólapúlsins úr nemenda-, foreldra- og starfsmannakönnunum.
3. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 9.bekk.
4. Fundargerðir starfsmannafunda, samráðsfunda og stigsfunda.

Gæði skólastarfsins voru metin með því að bera viðmiðin saman við niðurstöðurnar. Á grundvelli matsins voru teknar ákvarðanir um breytingar sem miða að því að bæta og þróa skólastarfið.

### 3. Einkenni skólans

Grunnskólinn á Hellu er heildstæður grunnskóli sem starfar í tíu bekkjardeildum og eru á yfirstandandi skólaári 126 nemendur skráðir í skólann. Staðsetning Grunnskólans á Hellu er að Útskálum 6 – 8 á Hellu. Skólaárið skiptist í þrjár annir; haustönn, miðönn og vorönn. Skólastjóri Grunnskólans á Hellu er Kristín Sigfúsdóttir, aðstoðarskólastjóri er Kristinn Ingi Austmar Guðnason og deildarstjóri er Særún Sæmundsdóttir. Heildarfjöldi starfsmanna eru 35 talsins, þar af 20 kennarar í 15,8 stöðugildum og stjórnendur í 2,5 stöðugildum. Aðrir starfsmenn sem starfa við skólann eru: skólaliðar, stuðningsfulltrúar, þroskaþjálfari, matráður, aðstoðarmenn matráðs, ritari og húsvörður. Athuga ber að starfsmenn starfa í mismunandi stöðugildum. Þrír skólabílstjórar aka nemendum úr dreifbýlinu að og frá skóla. Að skólastarfinu koma einnig starfsmenn á vegum Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Má þar nefna forstöðumann og námsráðgjafa.

Skóladagatal, starfsáætlun og aðrar upplýsingar um skólastarfið er að finna á heimasíðu skólans sem er uppfærð reglulega. Skólahverfi Grunnskólans á Hellu nær yfir svæðið frá mörkum sveitarfélagsins í austri að Ytri-Rangá í vestri. Auk þess teljast Þykkvibær og bæirnir í Bjóluhverfi og á Ægissíðu til skólahverfisins. Skóladagheimili, fyrir nemendur úr 1. – 4. bekk, er starfrækt alla daga vikunnar eftir að skóla lýkur til kl. 16:00

Við skólann er starfrækt mötuneyti, sem staðsett er í íþróttahúsinu. Mötuneytisþátttaka er hluti af skólastarfinu og er hádegishlé nemenda fellt inn í stundaskrá þeirra. Þess má geta að skólamáltíðir eru fríar fyrir alla nemendur skólans.

### 4. Stefna og markmið Grunnskólans á Hellu

Einkunnarorð skólans eru *virðing, vinátta og víðsýni* og byggja leiðarljós skólans á þeim.

Leiðarljós Grunnskólans á Hellu eru einnig byggð á lögum og reglugerðum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Í Aðalnámskrá grunnskóla 2011, almennum hluta bls. 30, segir: „Grunnskólinn tekur við af leikskóla og leggur grunn að áframhaldandi námi og lífi í sjálfbæru samfélagi. Skólinn er vinnustaður nemenda um tíu ára skeið á mikilvægu þroska- og mótunarskeiði þeirra. Grunnskólinn er því mikilvægur liður í ferli einstaklingsins til alhliða þroska og almennrar menntunar. Í grunnskóla þarf að skapa skilyrði fyrir nemendur svo að þeir fái notið bernsku sinnar og efli með sér sjálfstraust og félagsfærni, virki sköpunarkraft sinn og rækti skilning á manngildi.“ Grunnskólinn á Hellu er skóli án aðgreiningar, en það merkir að allt skólalífið byggist á jafnréttishugsjóninni og gagnkvæmri virðingu, vináttu og víðsýni samanber einkennisorð skólans. Í Grunnskólanum á Hellu er leitast við að flétta öllum grunnþáttum menntunar inn í allar námsgreinar, en grunnþættir menntunar eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðrétti og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Einkunnarorð skólans eru á veggspjöldum í öllum kennslustofum skólans og víðar en leiðarljósin má finna á heimasíðu skólans og eru þau eftirfarandi:

1. Skapa jákvæðan skólabrag sem byggir á virðingu, kærleika, samábyrgð, umburðarlyndi og vellíðan allra nemenda og starfsmanna.
2. Allir nemendur og starfsmenn finni í skólanum öryggi og væntumþykju sem byggist á sjálfsvirðingu, jafnrétti og kristilegu siðgæði.
3. Nemendur öðlist færni í mannlegum samskiptum, sjálfstraust og jákvæða lífsýn.
4. Nemendur og starfsmenn stuðli að góðri heilsu og almennri vellíðan með því að leggja rækt við hollar lífsvenjur, hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl.
5. Hafa gott samstarf við heimilin og aðra þá aðila sem að skólanum koma, s.s. önnur skólastig, sveitarstjórn, Skólaþjónustuna o.fl.
6. Skólinn sé öruggur vinnustaður og nemendur læri að varast hættur í umhverfi sínu.
7. Nemendur verði læsir í víðum skilningi, þ.e. á íslenska tungu, samfélag sitt og umhverfi, erlend tungumál og tölulegar upplýsingar.
8. Nemendur temji sér góða námstækni og rækti skapandi hugsun.
9. Nemendur geti tjáð þekkingu sína, skoðanir og tilfinningar.

10. Nemendur verði ábyrgir með heilbrigðan metnað og tilbúnir að takast á við hið óþekkta með gagnrýnni hugsun.
11. Nemendur öðlist þekkingu á nærumhverfi sínu, menningu og námsefni með fjölbreyttum kennsluaðferðum.
12. Skapa hvetjandi og uppörvandi námsumhverfi, í verklegu sem bóklegu námi, þar sem nemendum gefst kostur á að vinna sjálfstætt eða með öðrum.
13. Framsetning kennslunnar miðist við þarfir einstakra nemenda þar sem tekið er tillit til mismunandi þroska og getu.
14. Umgengni og framkoma nemenda og starfsmanna sé þeim og skólanum til sóma.
15. Nemendur öðlist menntun til sjálfbærni með því að sýna ábyrga umgengni við líf og umhverfi.
16. Nemendur læri að takast á við viðfangsefni daglegs lífs og öðlist þá grunnþekkingu sem nýtist þeim í framtíðarnámi og starfi, auk trúar á gildi menntunar og skólagöngu.
17. Nemendur fái markvissa náms- og starfsfræðslu með kynningu á atvinnulífinu og því námi sem er í boði að loknu skyldunámi.
18. Nemendur læri að virða reglur samfélagsins og verði hæfir þjóðfélagsþegar.

#### **4.1 Markmið skólastarfsins**

Í Grunnskólanum á Hellu er markmiðunum náð með því að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum og séð til þess að nemendur takist á við verkefni sem henta getu þeirra og stuðla að alhliða þroska og siðferðiskennd. Lögð er áhersla á gagnvirka aðlögun íslenskra nemenda og nemenda af erlendum uppruna með því að þeir vinni saman að ólíkum viðfangsefnum og miðli ólíkri reynslu og þekkingu. Þarfir nemenda eru misjafnar og það er verkefni þeirra sem í skólanum starfa að mæta þeim eins vel og kostur er og tryggja að allir hafi verðug viðfangsefni að glíma við. Þannig þurfa kennsluhættir að vera einstaklingsmiðaðir, laga þarf námsefni að þörfum nemenda og veita þarf stuðning jafnt við bóklegar greinar sem verklegar. Í skólanum eru viðhafðir sveigjanlegir starfshættir og það viðurkennt að nemendur eru misfljótir að ná settum markmiðum. Allir þurfa að tileinka sér jákvætt viðhorf, rækta með sér samkennd og tileinka sér góð samskipti við aðra. Við þær aðstæður tekst að skapa gott námsumhverfi þar sem allir fá notið sín og taka framförum í jafnt bóklegum greinum sem verklegum.



## ***4.2 Nemandinn í öndvegi***

Einkunnarorð Grunnskólans á Hellu eru virðing, víðsýni og vinátta. Skólinn á að snúast um nemendur. Allir eiga að finna sig heima í skólanum, þeir eiga að finna þar fyrir velvild og hlýju og vita að í skólanum er skjól og stuðning að finna. Gagnkvæmur skilningur, virðing og umburðarlyndi fyrir menningarlegum bakgrunni, aðstæðum og fjölskylduhögum á að vera ríkjandi. Stefnt er að því að allir nemendur tileinki sér jákvætt viðhorf í garð náms og skóla, rækti með sér samkennd og tileinki sér góð samskipti við aðra. Á heimasíðu skólans er móttökuáætlun fyrir nýja nemendur sem unnin var í samstarfi við fleiri skóla á Skólaþjónustusvæðinu sl. vetur.

Um það bil 31 % af nemendum skólans búa við tvítyngi á heimilum sínum. Þeir tala nokkur ólík tungumál, s.s. pólsku, ensku, tælensku, sænsku, norsku, þýsku, frönsku, dönsku og spænsku og búa yfir margvíslegri reynslu af ólíkum menningarheimum. Fjölbreytni nemendahópsins felur í sér mikinn styrk fyrir skólasamfélagið.


Áhersla er lögð á að byggja upp sterka sjálfsmynd nemenda og stuðla að jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu fyrir jöfnu manngildi allra. Kennurum er því uppálagt að flétta einkunnarorðunum inn í alla sína kennslu sem og að hafa þau að leiðarljósi í samskiptum sínum við nemendur. Annað starfsfólk skólans skal einnig hafa einkunnarorð skólans að leiðarljósi í samskiptum sínum við nemendur. Það er skólanum keppikefli að hver einstakur nemandi yfirgefi skólann glaður og vel undirbúinn til að takast á við lífið framundan.

## ***4.3 Samstarf við heimili og grenndarsamfélag***

Samvinna við heimili og grenndarsamfélag er mikilvægur þáttur skólastarfsins sem leggja þarf rækt við og styðja eftir föngum.

Grunnskólinn á Hellu hefur átt gott og jákvætt samstarf við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu m.a. til að taka við nemendum af elsta stigi með skerta stundarskrá í starfsþjálfun og nemendur 10. bekkjar í starfskynningu. Einnig hafa fyrirtæki og stofnanir verið jákvæð fyrir því að senda starfsfólk í kennslustundir hjá 10. bekk til að kynna störf sín fyrir nemendum. Skólinn er í samstarfi við Tónlistarskóla Rangæinga sem sinnir forskólakennslu í 1.-3. bekk. Þá hefur skólinn átt gott samstarf við Hótel Rangá sl. ár þar sem nemendur sauma jólapoka úr gömlum sængurverum fyrir hótelið. Í staðinn hefur skólinn fengið t.a.m. straujárn, straubretti, saumavélar, útungunarvél o.fl.

Í skólanum er talið afar mikilvægt að leggja áfram rækt við fjölbreytt samstarf við þessa aðila og aðra og sjá þar með til þess að skólinn sé í góðum tengslum við samfélagið. Einnig þarf að virkja foreldra enn betur til samstarfs, ekki hvað síst foreldra nemenda af erlendum uppruna. Jákvæð samskipti við foreldra eru ekki aðeins gefandi heldur hafa þau einnig afar mikla þýðingu fyrir öflugt skólastarf. Mikilvægt er að starfsfólk skólans geri sér far um að hlusta á þarfir þeirra og virkja þá til góðra verka. Það stuðlar að betri skóla. Foreldrar 1. bekkjar eru boðaðir á fund í upphafi skólaárs þar sem farið er yfir mikilvægi lesturs og hvernig eigi að þjálfa lestur og lesskilning. Farið er m.a. yfir hvernig lestrarnámi í skólanum er háttað. Til stóð að boða foreldra 1. bekkinga 2020-2021 á þennan fund í vor, en COVID-19 setti strik í reikninginn.



Mynd 1. Dagbóarskrif nemanda á covid tímum.

#### 4.4 Fjölbreyttir kennsluhættir

Þarfir ólíkra nemenda eru misjafnar. Það er verkefni þeirra sem í skólanum starfa að mæta þeim eins vel og kostur er og tryggja að allir hafi viðfangsefni við hæfi. Börn af pólskum og tælenskum uppruna fá kennslu í sínu móðurmáli í skólanum. Nemendur sem hafa norsku og sænsku sem annað tungumál á heimilum sínum læra þau tungumál í gegnum tungumálaverið í Laugalækjarskóla á sama tíma og bekkjarfélagar læra dönsku. Haft er að leiðarljósi mikilvægi þess að íslenskunám nemenda af erlendum uppruna sé sameiginlegt verkefni allra sem vinna með börnunum. Sérkennsla felur í sér breytingar á námsmarkmiðum og/eða kennsluáðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkennsla er skipulögð til lengri eða skemmri tíma, allt eftir þörfum nemenda og er litið svo á að sérkennsla sé stuðningur við nemanda eða hóp nemenda sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar eða samfellds stuðnings um lengri tíma. Hún fer ýmist fram inni í bekkjarstofum, frammi á göngum eða í lítilli stofu hjá kennara/þroskaþjálfra. Skólaárið 2019-2020 er ekki menntaður sérkennari starfandi við skólann, skipulag sérkennslu er í höndum deildarstjóra sem er í sérkennaranámi við Háskóla Íslands. Við skólann starfar einnig þroskaþjálfari sem sinnir bæði stuðningi og aðstoðar við utanumhald og skipulag einstakra nemenda. Einn kennari hefur réttindi til að nota Cat-kassann, verkfæri sem styður nemendur á einhverfurófi. Í vetur sinnti

hann einum nemanda varðandi félagsfærni og líðan. Þrír íþrótt- og sundkennarar sinna tilfallandi sérkennslu í íþróttum og sundi. Nemendum á elsta stigi sem ekki hentar að vera í fullu bóknámi er reynt að mæta með auknu verk- og starfsnámi innan veggja skólans t.d. aðstoð í yngri barna kennslu og vinnu í smiðju undir handleiðslu kennara.

#### **4.5 Stefna skólans í þróunar- og nýbreytnistörfum**

Stefna skólans í þróunar- og nýbreytni störfum tekur mið af þörfum nemenda og niðurstöðum sjálfsmats. Gerð er grein fyrir þróunar- og nýbreytni störfum m.a. í umbótaáætlun skólans. Skólaárið 2019-2020 er unnið að eftirtöldum verkefnum:

##### *4.5.1 Læsi*

Í öllum bekkjum er gerð krafa um heimalestur nemenda og skulu foreldrar/forráðamenn kvitta fyrir lestrinum. Í heimanámsstefnu skólans kemur fram að: „Lestur til yndis og fræðslu skal vera rauður þráður í heimanámi gegnum alla skólagöngu nemenda í Grunnskólanum Hellu“. Gert er ráð fyrir að allir nemendur lesi heima fyrir foreldra a.m.k. 5 sinnum í viku. Á unglíngastigi er heimalestur hluti af ástundunareinkunn í íslensku, í 7. bekk var gefin umsögn og bókstafseinkunn í 5. og 6. bekk. Í 1.-4. bekk er heimalestrarskráning nýtt til að ræða framfarir/stöðu nemenda í lestri í foreldraviðtölum. Leitast er við að láta nemendur á yngsta- og miðstigi lesa upphátt fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa 2-4 sinnum í viku. Á elsta stigi hefur stuðningsfulltrúi m.a. það hlutverk að láta þá nemendur lesa á skólatíma 1-2 í viku sem ekki hafa náð lestrarviðmiðum bekkjarins eða hafa ekki aðstöðu til að sinna lestri heima. Í öllum bekkjum er fengist við lesskilningsverkefni sem hæfa aldri og færni nemenda. Á miðstigi er markvisst unnið með framsagnarlestur sem nær hámarki í 7. bekk sem tekur árlega þátt í Stóru upplestrarkeppninni á Suðurlandi. Hvatt er til yndislestrar bæði heima og í skólanum og nemendum gefinn tími til að lesa sér til ánægju og yndisauka. Hjá sumum bekkjum eru fastir yndislestrartímar í byrjun dags en hjá öðrum hafa nemendur val um að lesa hvenær sem laus stund gefst í íslenskutímum. Nemendur nýta sér bókasafnið til að fá lánaðar bækur, hjá 1. -4. bekk eru fastir bókasafnstímar í töflu en aðrir bekkir fá að fara á bókasafnið þegar þörf er á og bókasafnið er opið.

#### *4.5.2 Orðaforðakennsla*

Allir kennarar eru orðaforða- og íslenskukennarar og eiga að taka tillit til fjölbreytts nemendahóps sem hefur hefur mismunandi móðurmál og mismunandi þarfir. Skólaþjónustan stóð fyrir fyrirlestrum fyrir allt starfsfólk skóla sl. haust þar sem áhersla var lögð á þessa þætti.

#### *4.5.3 Skólaþróun í stærðfræði*

Búið er að vinna sérstaka gátlista fyrir alla árganga í stærðfræði sem settir verða inn á Mentor næsta haust. Þar getur fólk séð hvaða hæfni er lögð áhersla á fyrir hvert skólaár og hvernig hverjum nemanda vindur fram.

#### *4.5.4 Skólahreysti- heilsuefling*

Valáfangi á unglíngastigi leggur áherslu á heilsueflingu og undirbúning fyrir Skólahreysti. Vegna COVID-19 stefndi í að ekki yrði keppni í ár. Það breyttist þó og var hún haldin í lok maí. Það er skemmst frá því að segja að lið skólans stóð sig með afbrigðum vel, komst í úrslit og endaði í 5. sæti á landsvísu. Mikilvægt er að nýta skólahreysti til að efla liðsandann í skólanum. Nemendur þurfa að læra að styðja við sitt fólk og standa með því hvernig sem gengur.

#### *4.5.5 Dansvika*

Undanfarin 6 ár hefur verið kenndur dans í eina viku á hverju skólaári þar sem hver bekkur fær 40 mínútna danskennslu daglega í eina viku. Elín Birna Bjarnadóttir danskennari hefur séð um kennsluna frá upphafi og byggir hún hana á samkvæmisdönsum. Danskennsla fer fram í íþróttahúsinu og endar síðasta daginn á sýningu þar sem foreldrum/forráðamönnum er boðið að fylgjast með.

#### *4.5.6 Söngstund*

1. – 4. bekkur, ásamt umsjónarkennurum sínum, byrjar alla föstudagsmorgna á að syngja saman á barnaskólagangi í 15 mínútur. Í desembermánuði var gerð tilraun með samsöng fyrir alla nemendur skólans í einu. Gekk það vonum framar og er því hugmyndin að fylgja því enn betur eftir og vera með reglulegar söngstundir fyrir alla nemendur skólans á næsta skólaári.

#### 4.5.7 Grænfáninn

Umhverfisstefna skólans var mörkuð skólaárið 2008 – 2009 þegar ákveðið var að gerast skóli á grænni grein. Á skólasetningu haustið 2020 mun skólinn flagga Grænfánanum í sjötta sinn, en hann var fyrst afhentur árið 2010.

#### 4.5.8 Umhverfisfræðsla og útivist

Skólaárið 2008 – 2009 var byrjað að þróa kennslu í umhverfisfræðslu og útivist. Frá skólaárinu 2011 - 2012 hafa 1. – 7. bekkur verið með tvo umhverfisfræðslu- og útivistartíma á stundaskrá í hverri viku. Auk þess er boðið upp á útivistarval fyrir 8. - 10. bekk. Útikennsluaðstaða er á svæði rétt við skólann, þar er útikennsluskýli og auk þess má þar finna nokkur ávaxtatré og berjarunna. Vorið 2014 hóf skólinn verkefni með Landvernd og Landgræðslu ríkisins þar sem markmiðið var að græða upp örfokaland. Verkefnið felur í sér að settir eru út tilraunareitir þar sem í eru settar mismunandi tegundir af áburði, lífrænum og ólífrænum. Ári síðar er framkvæmd vísindaleg rannsókn á gróðurþekju í þessum tilraunareitum sem síðan er unnið með heima í kennslustofu. Vistheimtarverkefni Landverndar og Landgræðslunnar var langtímaverkefni í samvinnu við nokkra skóla m.a. Grunnskólann Hellu og afraksturinn m.a. útgáfa á námsefni sem hentar vel nemendum á miðstigi. Sjá: <http://landvernd.is/vistheimtarverkefni>

Í vetur hófst vinna að útgáfu á námsefni sem henta mun eldri nemendum. Skólinn fékk styrk úr Sprotasjóð en verkefnisstjóri er Rannveig Magnúsdóttir líffræðingur sem er sérfræðingur og verkefnastjóri hjá Landvernd.

#### 4.5.9 Melaskógur

Árið 1996 fékk Grunnskólinn á Hellu úthlutað svæði fyrir austan þorpið til gróðursetningar og í hugmyndasamkeppni meðal nemenda árið 2007 – 2008 hlaut það nafnið Melaskógur. Ætla má að frá upphafi séu nemendur skólans, kennarar og annað starfsfólk búið að setja niður rúmlega 12.000 plöntur á þessu svæði og hefur sú vinna oftast farið fram á vordögum. Undanfarin fjögur ár hefur gróðursetningin farið fram bæði haust og vor. Dagur íslenskrar náttúru 16.september hefur sl. ár verið nýttur í þetta verkefni og hefur þá allur skólinn (nemendur og starfsfólk) gengið í Melaskóg og gróðursett í sameiningu 300-400 plöntur sem skólinn hefur fengið úthlutað úr Yrkjusjóði.

#### *4.5.10 Skipulagðar haust- og vorferðir*

Á fjárhagsáætlun skólans er gert ráð fyrir að hvert aldurstig fari með rútu í tvær ferðir á hverju skólaári. Farið er í eina haustferð og eina vorferð. Ef farið er í skíðaferð/leikhúsfarð eftir áramót þá eru vorferðir skipulagðar í heimabyggð þannig að það sé hægt að ganga, hjóla eða fara með skólabílum á staðinn.

#### *4.5.11 Samstarf við Tónlistarskóla Rangæinga*

Nemendur 1., 2. og 3. bekkjar fá kennslu í tónlist í litlum hópum sem kennarar Tónlistarskóla Rangæinga sinna. Þetta nám er nemendum Grunnskólans Hellu að kostnaðarlausu. Tvisvar á skólaárinu, um jól og að vori, bjóða nemendur foreldrum sínum á tónleika sem haldnir eru í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu. Kennarar Tónlistarskólans sjá um skipulag tónleikanna. Vortónleikarnir féllu niður vorið 2020 vegna COVID-19.

Þeir nemendur sem stunda fullt tónlistarnám í tónlistarskólanum og eru í 8. - 10. bekk gefst kostur á að stunda nám þar í stað tveggja valgreinatíma. Skólastjórnendur leita eftir staðfestingu þess að nemendur mæti í þessa tíma og sinni þeim vel.

#### *4.5.12 Samstarf við Flugbjörgunarsveitina á Hellu*

Nemendur í 8.-10. bekk sem eru virkir í starfi Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu geta valið að sleppa tveimur valgreinatímum í skólanum. Í starfi sveitarinnar er farið á námskeið í skyndihjálpi ásamt ýmsu er snýr að búnaði sem nauðsynlegur er í útivist og fjallamennsku.

Rétt er að taka fram að sleppi nemendur vali í skólanum getur það aldrei orðið meira en sem nemur tveimur kennslustundum. Skólastjórnendur leita eftir staðfestingu þess að nemendur mæti í þessa tíma og sinni þeim vel.

#### *4.5.13 Skólaútlarp, jólaskemmtun og vorhátíð*

Á hverju ári er starfrækt skólaútlarp síðustu dagana fyrir jólafrí sem elstu nemendur hafa veg og vanda af en reynt er að gefa öllum nemendum skólans tækifæri til að koma fram í útvarpinu. Útvarpsstjóri er úr hópi kennara og hefur hann yfirumsjón með skipulagningu á dagskrárliðum.

Á hverju skólaári eru haldnar tvær stórar hátíðir, þ.e. jólaskemmtun og vorhátíð, síðdegis í íþróttahúsinu, þar sem allir nemendur skólans koma fram. Mikill metnaður er lagður í atriði og

sviðsmyndir. Nemendur á unglíngastigi sjá um tækni- og sviðsmál undir stjórn kennara. Kynnar á jólaskemmtun og vorhátíð koma úr bekkjum á unglíngastigi. Frítt er inn á hátíðirnar og eru allir velkomnir á þær. 10. bekkingar ásamt foreldrum þeirra sjá um kaffisölu á vorhátíð og er það hluti af fjáröflun þeirra vegna útskriftarferðar að vori. Í ár var engin vorhátíð vegna COVID-19.

#### *4.5.14 Þemadagar og opinn skóladagur*

Bæjarhellan var starfrækt sjöunda árið í röð, nú dagana 14.-17. október. Í ár var unnið að mismunandi verkefnum í fjóra daga. Nemendur sóttu um „vinnu“ á ákveðnum stöðvum. Boðið var upp á myndver, dekur og skrautsmiðju, bakarí, fréttastofu, handverkshús, litla gjafabúð, nytjamarkaða, skemmti- og þrautagarð, slökun og vellíðan, framleiðslu á snyrtivörum, að vera í hljómsveit Bæjarhellunnar og aðstoð í mótuneyti. Sjötta árið í röð kom bæjarstjórinn úr röðum nemenda. Markaðsdagur Bæjarhellunnar í ár var fimmtudaginn 17. október kl. 17:00-19:00. Er það gert til að koma til móts við foreldra þannig að sem flestir hafi möguleika á að koma á markaðinn. Í ár voru þrjú opnir skóladagar á skóladagatali þar sem aðstandendum var boðið að heimsækja skólann og fylgjast með skólastarfinu, þetta voru dagarnir 14. október, 14. janúar og 19. mars. Á þessum dögum eru alltaf einhverjir foreldrar sem kíkja í heimsókn til að fylgjast með og taka þátt í skólastarfinu.



*Mynd 2 og 3. Markaðsdagur Bæjarhellunnar.*

#### *4.5.15 Fornleifaskóli*

Fornleifaskóli barnanna hefur verið í þróun í Odda á Rangárvöllum undanfarin ár á vegum Oddafélagsins og Fornleifastofnunar. Þar gefst grunnskólabörnum kostur á að kynna öllu sem varðar fornleifar og rannsóknir á þeim. Nemendum 7. bekkjar Grunnskólans Hellu hefur gefist kostur á að taka þátt í þessum áhugaverða verkefni. Því miður varð ekki af því í ár vegna Covid 19.

#### *4.5.16 Samvinnudagar Hellu og Laugalandsskóla*

Tvisvar á skólaárinu, að hausti og vori, hittast nemendur af miðstigi Grunnskólans Hellu og Laugalandsskóla og taka sameiginlega þátt í skólaförum. Í annað skiptið á Hellu og hitt að Laugalandi. Þar vinna nemendur að verkefnum sem kennarar hafa undirbúið fyrir fram í sameiningu. Nú hittust nemendur einungis að hausti vegna COVID-19.

#### *4.5.17 Upplýsingatækni og forritun*

Smátt og smátt hefur skólinn verið að efla kennslu í upplýsingatækni og forritun. Í vetur var kennd forritun í svokölluðum SNS tímum á miðstigi og boðið upp á hana í val tímum á elsta stigi. Skólaárið 2020-2021 verður bætt við sérstökum forritunartímum í 3. og 4. bekk. Oddi bs. leggur áherslu á að skólarnir í RY sinni þessum þætti vel og að þeir verði framsýnir í þeim málum.

### **4.6 Stefna og fyrirkomulag skólamötuneytis**

Gert er ráð fyrir að allir nemendur Grunnskólans á Hellu séu skráðir í mötuneytið að hausti og fái þar hollan og góðan hádegisverð mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum fá þeir nemendur sem eru á skóladagheimilinu hádegisverð í mötuneytinu. Nemendur fá einnig ávexti sem morgunhressingu á tímabilinu frá klukkan 9:15 – 9:50 á morgnana sem starfsmenn mötuneytis framreiða og koma með inn í skólann. Í starfsemi mötuneytisins er haft að leiðarljósi að fylgja ráðleggingum um mataræði og næringargildi frá Landlækniseimbættinu (áður Lýðheilsustöð). Allur matur er nemendum að kostnaðarlausu.

Hafdís Dóra Sigurðardóttir matreiðslumaður hefur yfirumsjón með mötuneytinu. Frá apríl 2019 sinnir mötuneyti skólans einnig mötuneyti Heklukots og bættist þá við einn starfsmaður. Við mötuneytið nú eru því auk Hafdísar tveir starfsmenn í fullu starfi henni til aðstoðar. Þessir



starfsmenn mötuneytisins eru hluti af starfslíði skólans. Auk þeirra ganga kennarar og skólaliðar vaktir á matmálistímum eftir þar til gerðu skipulagi.

## **4.7 Skipulag og upplýsingakerfi**

### **4.7.1 Heimasíða skólans og facebook**

Heimasíða Grunnskólans á Hellu er nokkurs konar skólahandbók þar sem má finna skóladagatal, skólanámskrá, stefnu skólans, viðbragðsáætlanir, námsáætlanir, matseðil mánaðarins og margt fleira. Þar má einnig finna áætlun um skólastarfið, sem byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá og stefnumörkun sveitarfélagsins. Auk þess eru þar skipurit, skólareglur, upplýsingar um námsmat, upplýsingar um samstarf skóla og grenndarsamfélags, upplýsingar um stoðkerfi skólans auk ýmissa annarra upplýsinga er varða nám og veru nemenda í skólanum.

Heimasíðan er og verður uppfærð reglulega. Þar er m.a. sagt frá því sem um er að vera í skólanum í máli og myndum. Facebook síða skólans er hugsuð til að vekja athygli á því starfi sem fram fer í skólanum ásamt því að koma á framfæri ýmsum upplýsingum og fræðsluefni m.a. af heimasíðu skólans. Foreldrar hafa undirritað sérstakt eyðublað þar sem þeir samþykkja að myndir séu birtar af börnum þeirra á heimasíðu og facebook síðu skólans. Í vetur var ákveðið að hætta að birta myndir úr skólastarfinu á facebook síðu skólans og verða foreldrar beðnir um að undirrita nýtt eyðublað á haustdögum.

### **4.7.2 Námsáætlanir**

Í námsáætlun kemur fram hvernig skólinn skipuleggur kennsluna í hverjum árgangi. Hverri námsgrein innan hvers árgangs er lýst með markmiðum, inntaki náms, kennsluskipan, námsgögnum og námsmati.

### **4.7.3 Viku- og heimavinnuáætlanir**

Heimavinnuáætlanir gefa yfirsýn yfir skipulag og nám nemandans í hverri viku.

Mikilvægt er að samræma upplýsingagjöf í Mentor varðandi vikuáætlanir og heimavinnu þannig að hvorutveggja fari inn á mentor í hverri viku, eins hjá öllum bekkjum. Kennarar skrá einnig að öllu jöfnu á töflu í kennslustofum þessar áætlanir a.m.k. hjá nemendum í 5.-10. bekk. Nemendur á miðstigi eru hvattir til að skrá hjá sér vikuáætlanir og heimanám í þar til gerða skipulagsbók sem

allir nemendur í 1.-7. bekk fá í hendur í byrjun skólaárs. Í þær bækur eiga foreldrar að skrá heimalestur barna sinna, bókin er líka notuð fyrir samskipti milli heimilis og skóla ef vill. Heimavinna og skipulag kennslu eldri nemenda er birt á Mentor. Ef nemendur í 5.-10. bekk klára ekki vikuáætlun í skólanum eiga þeir að vinna það upp heima.

#### **4.7.4 Starfsmannahandbók**

Starfsmannahandbók er aðgengileg starfsmönnum á sameiginlegu tölvusvæði. Hún hefur að geyma hagnýtar upplýsingar sem tengjast skólastarfinu. Til stendur að yfirfara hana næsta vetur og birta á heimasíðu skólans.

### **5. Nám og kennsla**

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91 frá 12. júní 2008 er meginhlutverk grunnskóla í samvinnu við heimilin, að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun (2. grein). Í sömu grein laganna segir að starfshættir skóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, virðingu fyrir manngildi, víðsýni og lýðræðislegu samstarfi. Þá skal grunnskólinn leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Grunnskólinn á Hellu vinnur að því að koma til móts við nemendur þar sem þeir eru staddir og bjóða upp á nám við hæfi hvers einstaklings. Beitt er fjölbreyttum kennsluáðferðum og reynt að finna leiðir til að koma til móts við getu og áhugasvið nemenda. Lögð er áhersla á að nemendur vinni saman og læri hver af öðrum. Er það meðal annars gert með því að nemendur vinna verkefni í hringekju, þemaverkefni og ýmiss konar para- og/eða hópvinnu. Á miðstigi hefur verið skipulögð samkennsla tvo tíma í viku undanfarin fimm ár sem kallast SNS. Markmiðið þar er meðal annars að efla félagsfærni nemenda, ábyrg á eigin námi og að nálgast stærðfræðina með leikjum og spilum. Þrír kennarar komu að því að skipuleggja og stýra þessum tímum. Síðastliðinn vetur var skipulagi í list- og verkgreinum breytt þannig að nemendum er að öllu jöfnu blandað saman úr 2-3 bekkjum í hverja grein og var sá háttur hafður á aftur í vetur.

Nemendur 5. bekkjar taka ár hvert þátt í útungunarverkefni á landnámshænueggjum, en ungarnir fara síðan í hænsnabú í nágrenninu. Þetta var þó ekki gert í vetur vegna COVID-19. Nemendur 10. bekkjar fara í eða fá starfskynningu í heimabyggð. Námsráðgjafi frá skólalþjónustunni hefur séð

um skipulagningu þess verkefnis. Starfrækt er skólaútlit í desember, skólablaðið Ýmir er gefið út að vori og nemendum á unglingastigi standa til boða fjölbreyttir valáfangar.

### **5.1 Skipulag og ábyrgð á kennslu nemenda**

Í Grunnskólanum á Hellu hefst kennsla klukkan 8:10 að morgni. Stundataflan er að mestu skipulögð miðað við 40 mínútna kennslustundir, sem ýmist eru einfaldar eða tvöfaldar. Einnig eru skipulagðar 60 mínútna kennslulotur hjá 6. – 10. bekk. Matarhlé fimm yngstu bekkjanna er klukkan 11:55 – 12:25 alla daga nema föstudaga. Matarhlé hjá 6. – 10. bekk er frá 12:25 – 12:55 mánudaga til fimmtudaga. Fyrir þá nemendur sem þurfa hádegisverð á föstudögum, hefst matarhlé klukkan 12:05.

Stundaskrár allra bekkjardeilda eru uppbyggðar samkvæmt aðalnámskrá, þ.e. nemendur í 1. – 4. bekk fá 30 kennslustundir á viku, nemendur í 5. – 7. bekk fá 35 kennslustundir á viku og nemendur í 8. – 10. bekk fá sem samsvarar 37 kennslustundum á viku. Starfsár Grunnskólans á Hellu miðast við 180 skóladaga nemenda.

Nemendur í 8. – 10. bekk fá að velja á milli nokkurra valgreina.

Auk þeirra valáfanga sem kenndir eru innan skólans stendur nemendum til boða fjarnám í framhaldsskólaáföngum ef kennarar og skólastjóri meta það svo að nemendur hafi lokið grunnskólanámi í einhverri námsgrein eða námsgreinum.

Stundatöflur nemenda eru aðgengilegar á Mentor (upplýsingakerfi).

Þar sem skipulag skólans byggir á að einn bekkur sé í hverjum árgangi, er hverjum bekk ráðstöfuð sérstök heimastofa, þar sem kennsla í flestum bóklegum greinum fer fram. Stuðningsfulltrúar starfa með kennurum í þeim bekkjum og með þeim námshópum sem deildarstjóri sérkennslu telur að þurfi. Stuðningsfulltrúar starfa undir verkstjórn þess kennara sem kennir viðkomandi bekk á hverjum tíma.

### **5.2 Samkennsla og skiptistundir**

Til hagræðingar er kennsla í íþróttum skipulögð með þeim hætti að stundum er tveimur bekkjum kennt saman. Í vetur var það þannig að 1. bekkur var sér, 2. og 3. bekkur voru saman, 4. bekkur sér, 5. bekkur sér, 6. og 7. bekkur saman, 8. og 9. bekkur saman. og 10. bekkur stakur. Við framan ritað skipulag er m.a. tekið tillit til fjölda í árgöngum.

Samkensla fer einnig fram í umhverfis- og útivistartímum. Þar sem um samkenslu er að ræða, þá er reynt að ganga út frá því að tveir kennarar séu með hópinn eða kennari og stuðningsfulltrúi. Á miðstigi er bekkjunum blandað saman tvær kennslustundir á viku í svokölluðum SNS tímum, en í ár stóð SNS skammstöfunin fyrir stærðfræði, nýsköpun og spil.

Nemendur í 1.-7. bekkjum eru í smiðjum tvisvar í viku 2 tíma í senn. Þar er skipulagið þannig að 1. og 2. bekk er skipt í þrjá hópa, 3. og 4. bekk í þrjá, 5., 6. og 7. í þrjá. Í smiðjum er unnið í textíl, smíðum, heimilisfræði, myndmennt, tónlist og upplýsingamennt.

### **5.3 Sérkensla**

Sérkensla í Grunnskólanum á Hellu mótast fyrst og fremst af grunnskólalögum um að allir nemendur eigi rétt á kennslu við hæfi. Sérkensla er stuðningur við nemendur sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar eða samfellds stuðnings um lengri tíma, jafnvel alla skólagönguna. Hún felur í sér breytingar á námsmarkmiðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkenslan getur farið fram með einstaklingskenslu eða hópkenslu jafnt innan bekkjar sem utan. Algengast er að kenna í litlum hópum í sérkenslustofum eða að kennari/þroskaþjálfari fari inn í bekkinn og aðstoði einstaka nemendur þar. Í vetur sá deildarstjóri sérkenslu um skipulag og utanumhald á sérkenslu með aðstoð þroskaþjálfara.

### **5.4 Nemendur með annað móðurmál en íslensku**

Í Grunnskólanum á Hellu er u.þ.b. 31 % nemenda tvítyngdir. Það er litið svo á að menningarlegur fjölbreytileiki auðgi skólastarfið og áhersla er lögð á að virðing sé borin fyrir uppruna og menningu hvers og eins. Við skipulag í skóla margbreytileikans er tekið mið af þörfum nemenda hverju sinni. Mikil áhersla er lögð á að taka vel á móti nemendum og aðstoða þá við að aðlagast íslensku samfélagi. Lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir við íslenskukennslu innan og utan bekkjar og stefnan sett á að nemendur af erlendum uppruna standi jafnöldrum sínum jafnfætis í námi. Íslenska sem annað mál er yfirleitt kennd í litlum hópum. Lögð er áhersla á að allir starfsmenn skólans séu fyrirmyndir nemenda í íslensku og þurfa að huga að því í kennslu og öllum samskiptum við nemendur. Samhliða framförum í námi er reynt að efla félagatengsl barnanna og auka þátttöku þeirra í íþróttum og félagsstarfi. Stefnit er að því að nemendur af erlendu þjóðerni fái kennslu í sínu móðurmáli ef þess er nokkur kostur. Á skólaárinu 2019-2020 fá nemendur sem tala pólsku og tælensku kennslu á sínu móðurmáli eina til tvær kennslustundir í viku. Nemendur með norsku og

sænsku sem annað tungumál læra þau í gegnum tungumálaverið í Laugalækjarskóla á sama tíma og bekkjarfélagar læra dönsku. Í skólanum eru haldnir gagnkvæmir upplýsingafundir fyrir nemendur af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra. Þessir fundir eru haldnir þegar nemendur hefja skólagöngu og einnig áfram sem teymisfundir ef þurfa þykir. Á slíkum fundum er leitast við að hafa viðstaddan túlk af sama þjóðerni.

## **5.5 Stuðningstímar**

Boðið er upp á stuðningstíma, eina kennslustund á viku, fyrir nemendur í 1.-5.bekk. Umsjónarkennarar þessara bekkja sinna þessari aðstoð sem fer fram eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Umsjónarkennarar í samráði við foreldra meta hvaða nemendur þurfa að nýta sér þennan stuðning og hvetja þá til þátttöku. Nemendum í 9. og 10. bekk bauðst að sækja stuðningstíma í stærðfræði einu sinni í viku að loknum hefðbundnum skóladegi.

## **6. Námsmat**

Með námsmati er kannað hvort markmið, sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla auk þeirra markmiða sem skólinn setur fram, hafi náðst. Kennarar Grunnskólans á Hellu framkvæma námsmat í allri sinni kennslu og í öllum samskiptum sínum við nemendur og nemendahópa. Námsmatið fer m.a. fram með beinum hætti þ.e. með því að leggja mat á lykilhæfni nemenda og með yfirferð verkefna og prófa. Segja má að námsmat fari fram í nánast öllum daglegum samskiptum kennarans við nemandann. Kennarar meta nemendur með námsörðugleika með hefðbundnum hætti, auk þess sem stuðst er við sérstök þar til gerð próf. Einkunnir eru gefnar í tölustöfum frá 1-10 eða í bókstöfum A-D sbr. aðalnámskrá. Skriflegur vitnisburður um námsárangur er afhentur nemendum og foreldrum þeirra þrisvar á ári, þ.e. í foreldraviðtölum við annarskil í nóvember og febrúar og við skólaslit í maí. Kennarar eru ábyrgir fyrir mati og vitnisburði í þeirri námsgrein sem þeir kenna.

### **6.1 Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk**

Árlega eru lögð fyrir samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk. Prófað er í stærðfræði og íslensku í 4. og 7. bekk, en í 9. bekk er prófað í stærðfræði, íslensku og ensku. Tilgangurinn með fyrirlögn prófanna er að veita upplýsingar um hvaða markmiðum (og færni) nemendur hafa náð í einstökum námsgreinum. Þetta er afar mikilvægt til þess að auðveldara sé að skipleggja áframhaldandi nám í

viðkomandi námsgrein. Einnig gefa prófin foreldrum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsstöðu nemenda. Prófin í 4. og 7. bekk eru lögð fyrir seinni hluta september eða í byrjun október ár hvert og í 9. bekk í marsmánuði ár hvert. Um er að ræða rafræn próf, sem nemendur taka á tölvur skólans. Nánari upplýsingar um prófin er að finna á vefsíðu Menntamálastofnunar.

Sjá: <https://www.mms.is/prof-og-mat>

## **6.2 Samræmd próf – niðurstöður og mat**

Í 4. og 7. bekk miðast mat á niðurstöðum prófanna við eftirfarandi: samræmd einkunn – raðeinkunn – grunnskólaeinkunn. Í 9. bekk miðast matið við hæfnieinkunn A, B+, B, C+, C og D og við raðeinkunn og grunnskólaeinkunn.

Menntamálastofnun reiknar árlega út meðaltalseinkunnir hvers skóla. Framfarir á bilinu 0,99 til 1,01 teljast venjulegar framfarir. Menntamálastofnun hefur ekki gefið út meðaltalseinkunn fyrir skólaárið 2019-2020.

## **6.3 Skimanir**

Á hverju skólaári eru nokkrar skimanir lagðar fyrir í einstökum bekkjum. Deildarstjóri sérkennslu lagði skimunarprófið Leið til læsis fyrir nemendur 1. bekkjar í byrjun október. Lestrarskimun með hluta Logos (lestrargreiningarpróf) var lögð fyrir nemendur 3. og 6. bekkjar á vorönn. Stærðfræðiskimun með hluta Talnalykils var lögð fyrir sömu bekki eftir áramót af stærðfræðikennara skólans. Niðurstöðurnar þessara skimana eru notaðar til að meta stöðu nemenda og hvort þörf sé á frekari greiningu að fengnu samþykki foreldra.

## **7. Nemendur og líðan**

Það má segja að skólastarfið snúist að mestu um líðan nemenda eins og sjá má í kafla 4 þar sem leiðarljós skólans eru skráð. Líðan og velferð nemandans snýr að mörgum sviðum s.s. skólabrag, samskiptum við kennara, bekkjaranda og almennu heilbrigði. Skólinn leggur metnað sinn í að mæta þessum kröfum eftir bestu getu og tryggja að nemendum líði vel í skólanum og byggist upp á heilsteyptan máta til framtíðar.

Skólinn notar m.a. sjálfsmatskerfi Skólapulísins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í 6. – 10. bekk spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla- og bekkjaranda. Starfsfólk skólans hefur vakandi

augu með líðan nemenda og leitar orsaka og leiða til uppbyggingar og úrbóta ef þurfa þykir. Í vetur voru gerðar tilraunir með nemendaviðtöl þar sem umsjónarkennarar tóku viðtöl við sína umsjónarnemendur. Á næsta ári verður þetta gert í öllum bekkjum í upphafi skólaárs og fyrir foreldraviðtöl í febrúar.

Félagsfærni, sjálfstjórnun og siðferðisþjálfun er tvinnuð inn í nám og leik í öllu skólastarfi hjá nemendum skólans af umsjónarkennurum. Lífsleiknitímar eru í stundatöflu hjá miðstigi og elsta stigi þar sem unnið er með sjálfsmynd, félagsfærni og bekkjarandann.

### **7.1 Félagslíf nemenda**

Félagslíf nemenda á unglingastigi er í höndum nemendaráðs og þeirra kennara er sinna félagsmálum. Aðra hverja viku er opið hús eða annars konar skemmtun í skólanum klukkan 19:30 – 22:00. Hina vikuna er opið eitt kvöld í Hellinum, félagsmiðstöð sveitarfélagsins, sem er staðsett í í kjallaranum á Suðurlandsvegi 1-3. Í félagsmiðstöðina koma nemendur 8.-10. bekkjar beggja skólanna í sveitarfélaginu, Grunnskólans Hellu og Laugalandsskóla. Einnig er félagsmiðstöðin opin einu sinni í viku fyrir miðstigið.

Fjórar skemmtanir á ári eru haldnar sameiginlega af grunnskólunum þremur í Rangárþingi, þ.e. Grunnskólanum Hellu, Laugalandsskóla og Hvolsskóla fyrir unglingastig. Þær eru haustball, íþróttahátíð, listahátíð og árshátíð. Skólarnir skiptast á að halda þessar skemmtanir.

Bekkjarkvöld eru tvisvar á vetri í hverjum bekk, Stefnt að einu skipti fyrir áramót og einu eftir.

### **7.2 Nemendaráð**

Nemendaráð er skipað fulltrúum úr 8. – 10. bekk ( tveir úr 8. og 9.b en þrír úr 10.b.). Fundir eru haldnir reglulega undir stjórn kennara. Kennarinn er tengiliður ráðsins við stjórnendur og sér hann um fræðslu varðandi starfsemi og hlutverk nemendaráðs. Formaður nemendaráðs kemur úr 10. bekk.

### **7.3 Ástundun nemenda**

Skólareglur Grunnskólans á Hellu voru endurskoðaðar skólaárið 2018-2019 og kom skólaráð að þeirri vinnu. Nemendur byrja með ástundunareinkunnina 10,0 að hausti. Einkunnin lækkar komi nemendur of seint, eru án námsgagna, eru fjarverandi án leyfis eða er vísað úr tíma. Nemendur geta sótt um hækkun ástundunareinkunnar einu sinni í mánuði á þar til gerðu eyðublaði. Hafi nemendur

hreint borð í tvær vikur eftir umsókn um hækkun hækkar einkunnin um 1,0. Hægt er að fylgjast með ástunduninni á Mentor. Umsjónarkennarar fylgjast með ástundun nemenda og hafa samband við foreldra hvað varðar skólasókn nemenda.

Á skólaárinu 2019-2020 eru 90 % nemenda í 6. – 10. bekk með ástundunareinkunn yfir 9,0.

## **8. Starfsfólk og starfsmannastjórnun**

Eins og að framan segir, þá starfar 35 starfsmenn við Grunnskólann á Hellu á skólaárinu 2019-2020.

Starfsmannafundir/kennarafundir eru haldnir reglulega og á móti þeim eru haldnir fundir stjórnenda og stigstjóra, stigsfundir kennara og samráðsfundir er varða hin ýmsu mál er snerta skólastarfið. Í vetur voru haldnir tveir fundir sérstaklega með skólaliðum og stuðningsfulltrúum og er stefnt að því að halda því áfram vikulega á næsta skólaári. Á öllum fundum eru ritaðar fundargerðir sem nýtast m.a. vel í innra mati skólans. Þær eru vistaðar á sameiginlegu tölvusvæði skólans. Dagskrá starfsmannafunda/kennarafunda er hengd upp á tilkynningatöflu á kennarastofu með a.m.k. sólahrings fyrirvara. Fundargerðir þeirra funda eru lesnar upp og samþykktar, prentaðar út geymdar í sérstakri möppu.

Stefna skólans við nýráðningar starfsmanna er að laða að vel menntað, metnaðarfullt og gott starfsfólk. Stjórnendum er það metnaðarmál að nýta allan mannauð skólans til fulls og að starfsfólk njóti góðrar og gagnlegrar símenntunar og fái ráðgjöf frá fagaðilum. Skólinn nýtir sér m.a. endurmenntunarframboð Skólalþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu auk annarra námskeiða sem ætluð eru kennurum og/eða öðrum starfsmönnum skólans. Endurmenntunaráætlun skólans er í vinnslu.

Starfsmenn skólans afla sér einnig aukinnar þekkingar með heimsóknnum í aðra skóla bæði innanlands og erlendis. Sama er að segja um ráðstefnur af ýmsu tagi sem ætlaðar eru fyrir starfsmenn grunnskóla.

Kennarar leita til skólastjórnenda, stigstjóra, deildarstjóra og/eða námsráðgjafa ef upp koma erfiðleikar í málum er lúta að kennslunni og/eða ástundun nemenda.

Starfsmannasamtöl fóru fram í september/október 2019 og í febrúar/maí 2020. Þau drógust fram á vorið þar sem COVID-19 setti strik í reikninginn.



## 9. Aðbúnaður

Það húsnæði sem Grunnskólinn á Hellu hefur haft til umráða síðastliðin ár er um 8.600 fermetrar. Skóladaheimilið er starfrækt í 144 fermetra gámum sem skólinn fékk til afnota fyrir nokkrum árum. Íþróttahús og sundlaug eru í næsta húsi við skólann. Matsalur fyrir skólann er staðsettur í því anddyri íþróttahússins sem snýr að skólanum.

Smíðastofa er starfrækt í Selinu og textíl-, myndmennta- og heimilisfræðistofur eru í kjallara aðalbyggingar skólans og er ástand þeirra gott. Bókasafn er miðsvæðis í skólahúsinu og er safnkostur góður. Bókasafnið er útbúið með ágætum tölvubúnaði og prentara sem gestir safnsins geta fengið aðgang að. Kennslustofur á barnaskólagangi hafa flestar verið endurbættar. Nýlegt og rúmgott anddyri er við barnaskólann en það var tekið í notkun fyrir nokkrum árum og er það til mikilla bóta. Tölvubúnaður skólans hefur verið endurnýjaður reglulega undanfarin ár og má því segja að aðbúnaður varðandi tölvur sé góður. Haustið 2019 fengu allir kennarar skólans fartölvu til afnota við vinnu sína í skólanum eða heima við undirbúning kennslunnar.

Vinnuaðstaða kennara er á efri hæð kennarastofu. Þar eru m.a. tvær tölvur, prentari, nýleg ljósritunarvél og ýmis önnur tæki. Á neðri hæð kennarastofu er ein tölva sem ætluð er kennurum og öðrum starfsmönnum. Í aðstöðu ritara er tölva, prentari og lita-ljósritunarvél/prentari sem allir starfsmenn skólans hafa aðgang að. Einnig hafa kennarar aðstöðu til undirbúnings í kennslustofum og bókasafni eftir að kennslu lýkur. Allir nemendur í eldri deildum skólans hafa aðgang að geymsluskáp á miðgangi sér að kostnaðarlausu. Þeir hafa líka aðgang að sófum á göngum og borðtennisborðum. Eftirlitsmyndavélar vakta ganga, anddyri og hluta af skólalóð.

## 10. Stjórnun

Dagleg stjórnun Grunnskólans á Hellu er í höndum skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra. Húsvörður annast viðhald og hefur daglega umsjón með skólahúsnæðinu. Stigstjórar samræma vinnulag á öllum stigum skólans. Skólastjórnendur hafa mikið samráð sín á milli og er ákveðin verkaskipting á milli þeirra. Auk þess sem skólastjóri tekur þátt í skipulagi kennslunnar, sér hann um fjármál skólans og áætlunargerð þar að lútandi. Hann annast einnig utanumhald á launaskýrslum og fleiri þáttum er snúa að vinnu starfsmanna. Skólastjóri kemur einnig að málum er varða einstaka nemendur og samskipti við foreldra þeirra. Skólastjóri sinnir einnig flestum ytri tengslum og samskiptum t.d. við sveitarstjórn, launafulltrúa o.fl. Aðstoðarskólastjóri er tengill við

starfsmenn, hefur umsjón með Mentorkerfinu og innkaupum á námsgögnum. Deildarstjóri hefur yfirumsjón með stoðþjónustu/sérkennslu skólans og er tengill við starfsmenn Skólaþjónustunnar. Allir stjórnendur stýra almennri upplýsingagjöf til foreldra sem send er með tölvupósti og birtist einnig á heimasíðu skólans.

Skólastjórnendur leitast við að í skólanum starfi metnaðarfullt og hæft starfsfólk. Lögð er áhersla á að búa starfsfólki skólans góða vinnuaðstöðu og búnað auk þess að skapa góðan starfsanda. Kennarar eru hvattir til fjölbreyttra kennsluhátta og fá þeir ákveðið frelsi og svigrúm til að útfæra sínar hugmyndir í kennslustofunni. Hver kennari býr því við ákveðið sjálfstæði til að koma með skapandi hugmyndir og sýna frumkvæði í skólastarfinu. Ef upp koma agavandamál í skólanum taka stjórnendur virkan þátt í að leysa þau. Skólastjórnendur fylgjast náið með innra starfi skólans.

Skólaráð er skólastjóra til ráðuneytis og eru fundargerðir þess birtar á heimasíðu skólans. Það setur sér starfsáætlun að hausti og fundar reglulega yfir veturinn. Nemendaverndarráð fundar að öllu jöfnu fyrsta mánudag hvers mánaðar. Í því sitja skólastjóri, deildarstjóri, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og ráðgjafi félagsþjónustunnar. Fundargerðir nemendaverndarráðs eru vistaðar á sérstöku drifi á innra neti skólans sem stjórnendur hafa einungis aðgang að, fundargerðir ráðsins eru dulkóðaðar. Sálfræðingar á vegum Sálstofunnar hafa komið í skólann og sinnt tilvísunum frá skólanum/foreldrum, þessi þjónusta er keypt í verktakaþjónustu af Skólaþjónustu Rangárvallar- og Vestur Skaftafellssýslu. Talmeinafræðingur kemur inn í skólann einu sinni í viku, sinnir tilvísunum og vinnur með nemendum sem greinast með málþroskaraskanir. Í COVID-19 ástandinu sinnti talmeinafræðingurinn þessum nemendum í gegnum fjarfundarbúnað, tengdist þá ýmist nemendum frá heimilum þeirra eða frá sérkennsluherbergi á yngri barna gangi.

## **11. Ytri tengsl**

Samvinna við heimili og grenndarsamfélag er mikilvægur þáttur sem lögð er rækt við í skólastarfinu. Við skólann starfar skólaráð og foreldrafélag.

Verkefnið Bæjarhellan er orðið árvisst verkefni sem unnið er í skólanum. Þetta verkefni er m.a. liður í því að efla tengslin við grenndarsamfélagið og leitað hefur verið eftir þátttöku íbúa Rangárbings ytra varðandi efni og vinnu. Bæjarhellan er góð viðbót við alla list- og

verkgreinakennslu í skólanum. Í ár var Bæjarhellan 14.-17. október og endaði á markaðsdegi síðdegis í íþróttahúsinu sem var öllum í samfélaginu opinn.

Á heimasíðu skólans er að finna mikið magn upplýsinga um skólann og skólastarfið. Aðstoðarskólastjóri og kennari á bókasafni sjá um reglulegan frétttaflutning úr skólastarfinu á forsíðu vefsins. Facebook síða skólans tengir heimasíðu skólans betur við samfélagið, hún vekur athygli á því starfi sem þar fer fram ásamt því að koma á framfæri ýmsum upplýsingum og fræðsluefni af heimasíðunni. Aðstoðarskólastjóri hefur yfirumsjón með Mentorkerfi skólans.

## 12. Mat á skólastarfinu

Til að meta árangur og skólastarfið almennt er skólinn í samstarfi við Skólalandsmótun sem gerir árlega kannanir fyrir grunnskóla landsins. Skólalandsmótun gerir nemendakönnun í október og apríl og foreldrakönnun og starfsmannakönnun að vori til skiptis annað hvert ár. Einnig framkvæmir Skólalandsmótun samantekt á niðurstöðum á samræmdum prófum skólans. Þessar kannanir eru unnar af fagmönnum og gefa mikilvægan samanburð við aðra skóla þar sem stór hluti grunnskóla landsins tekur þátt í þessum könnunum. Vegna COVID-19 fór skipulag úr skorðum og var einungis lögð fyrir nemendakönnun í október þetta skólaár. Engin foreldrakönnun fór fram. Litið er á alla fundi sem haldnir eru vegna skólastarfsins sem mikilvæga liði í mati á því starfi sem fram fer innan skólans.



Mynd 4. Borðhald á tímum covid.

Á fundum innan skólans hefur verið fjallað um það sem er á döfinni hverju sinni og þá sérstaklega tekið mið af skólalandsmótun. Að auki var farið sérstaklega yfir niðurstöður Skólalandsmótun í október, rædd líðan nemenda í skóla og þá sérstaklega fósturbarna, unnið með nemendaviðtöl og gerður viðtalsrammi, fundað sérstaklega með skólaliðum og stuðningsfulltrúum þar m.a. var farið yfir það hvernig best sé að nálgast ákveðna nemendur, gæslu í frímínútum o.fl. Nýjung var að stjórnendur

funduðu sérstaklega með stigstjórum sem kom mjög vel út. Þannig valdeflast stigstjórar og hafa meira vægi inn í stjórnun skólans. Þar myndaðist t.d. gott teymi sem hélt vel utan um flest þau málefni sem sneru að hverju stigi og þeim verkefnum sem framundan voru. Þeir voru líka góðir tengiliðir við starfsfólk á hverju stigi fyrir sig. Á tímum COVID-19 héldu stigstjórar og deildarstjóri vel utan um hvert stig fyrir sig sem voru aðskilin um tíma. Þarna nýttist vel sú umræða sem farið hafði fram á fundum stjórnenda og stigstjóra í upphafi tímabilsins. Á COVID tímanum funduðu stigstjórar vikulega með sínu fólk (á stiginu) til að fara yfir hvernig hafi gengið, hvað væri framundan og hvað mætti betur fara.

Umbótaáætlun mótast m.a. af þessum fundum sem og því sem ekki hefur tekist að koma í framkvæmd á yfirstandandi skólaári.

Í eftirfarandi töflum er samantekt úr nemendakönnun (2019).

Nemendakönnun Skólapúlsins október 2019.

<b>Sterkar hliðar</b>	<b>Í jafnvægi miðað við aðra skóla</b>	<b>Veikar hliðar- sóknartækifæri</b>
	<b>1. Virkni nemenda í skólanum.</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rúmlega 70% nemenda finnst gaman að fá bók að gjöf.</li> <li>• Rúmlega 70% nemenda segjast leggja sig alla fram þegar þeir læra og reyna að gera sitt besta til að ná tókum á þeirri þekkingu og hæfni sem verið er að kenna.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þrautseigja nemenda, drengir telja sig frekar þrautseiga en stúlkur.</li> <li>• Áhugi á stærðfræði í 6.og 7.bekk.</li> <li>• Trú á eigin vinnubrögðum eykst frá síðasta skólaári.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ánægja af lestri minnkar frá síðasta skólaári og nemendur á unglingastigi virðast helst lesa þegar þeir verða að gera það.</li> <li>• Þrautseigja nemenda minnkar milli ára. (Þrautseigja í námi vísar til þess hversu mikið nemandi telur að</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ánægja af náttúrufræði.</li> </ul>		<p>hann leggi sig fram í námi).</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lítil áhugi á stærðfræði í 8.-10.bekk.</li> <li>• Trú á eigin námsgetu minnkar frá síðasta skólaári (8.-10.b)</li> </ul>
---	--	---

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar- sóknartækifæri
	<b>2. Líðan og heilsa nemenda.</b>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tæplega 90 % nemenda segist aldrei hafa verið lagður í einelti.</li> <li>• Hollt matarræði</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sjálfsálit nemenda eykst milli ára.</li> <li>• Nemendur virðast sjaldnar finna fyrir depurð eða niðurdregni.</li> <li>• Tíðni eineltis mælist lægra en síðasta skólaár.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• 42% nemenda finnst þeir ekki skipta neinu máli fyrir aðra.</li> <li>• Rúmlega 42% nemenda finnst útilokað að leysa úr sumum vandamálum sínum.</li> <li>• U.þ.b.49% nemenda vita ekki hvað þeir eiga að gera þegar þeir standa frammi fyrir vandamálum í lífinu.</li> <li>• Vellíðan nemenda minnkar milli ára (7.og 10.bekkur)</li> </ul>

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rúmlega 50 % nemenda segjast finna stundum/oft eða mjög oft fyrir stressi eða kvíða: ástæður þess geta verið       <ul style="list-style-type: none"> <li>• próf</li> <li>• sund</li> <li>• heimilisaðstæður</li> <li>• áhyggjur af vinum</li> <li>• Baktal og að eitthvað særandi sé sagt er það sem nemendur nefna oftast varðandi einelti.</li> <li>• Nemendur telja að eineltið eigi sér stað (taldir upp þeir staðir sem fara yfir landsmeðaltal) -í frímínútum úti.</li> </ul> </li> <li>• Tíðni hreyfingar minnkar.</li> </ul>
--	--	--

- Tíðni eineltis á síðustu 30 dögum áður en könnunin er tekin 3,2 % 1x, 7,9 % 2-3x , 1,6% 8-9x , 87,3% nemenda segjast aldrei hafa verið lagðir í einelti í Grunnskólanum Hellu.

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar- sóknartækifæri
<b>3. Skóla og bekkjarandi.</b>		
<ul style="list-style-type: none"> <li>• 77% nemenda finnst þeir tilheyra hópnum.</li> <li>• 90% nemenda finnst að öðrum líki vel við sig.</li> <li>• Rúmlega 80% nemenda finnst allt í besta lagi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fleiri nemendur samsama sig við nemendahópinn nú en á síðasta ári.</li> <li>• Agi í tímum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• 40% nemenda eru ósammála því að þeir eigi auðvelt með að eignast vini.</li> <li>• 12% nemenda eru einmanna og telja sig ekki hamingjusama.</li> <li>• Samband nemenda á unglingsstigi við kennara.</li> <li>• Virkni nemenda í kennslustundum.</li> <li>• Heimavinna; 30% nemenda finnst þeir aldrei fá áhugaverða heimavinnu.</li> </ul>

Samantekt úr skólapólsinum október 2019 (Hér eru upptalin atriði sem birtast a.m.k. 3-5 sinnum í svörum nemenda.)

Hvað er gott við skólann	Hvað er slæmt við skólann
<p>Mötuneytið/góður matur</p> <p>Góður andi í skólanum.</p> <p>Kennarar góðir og hjálpsamir.</p> <p>Góðir krakkar/vinir/félagar.</p>	<p>Skipulag prófa og kannana.</p> <p>Vantar fjölbreyttari/áhugaverðari kennslu og verkefni í öllum námsgreinum.</p> <p>Kennarar þurfa að hlusta betur á nemendur og vera þolinmóðir.</p> <p>Nemendur þurfa að sýni hvor öðrum virðingu og skilning.</p>

Unnið í janúar 2020

Særún Sæmundsdóttir og Kristín Sigfúsdóttir

## 13. Ógnanir

Skólaárið 2019-2020 fór eiginleg SVÓT greining ekki fram í skólanum en starfsmenn tóku þátt í hugamyndavinnu þar sem horft var til framtíðarskipulags skólasvæðisins þar sem leik- og grunnskóli sameinast um húsnæði að einhverju leiti. Þær hugmyndir sem urðu til voru sendar til sveitarstjórnar Rangárbings ytra þar sem farin er af stað vinna vegna uppbyggingar skólahúsnæðis leik- og grunnskóla. Að þeirri vinnu hafa komið skólastjórnendur og fulltrúar kennara og annars starfsfólks. Gerð hefur verið skýrsla, “Bygging nýs leikskóla og stækkun grunnskólans á Helli” sem tiltekur sérstaklega þarfir beggja skóla. Lengi vel hefur vöntun á skólahúsnæði verið ákveðin ógn í skólastarfinu. Það má segja að með þessari vinnu sem hafin er sé málið að komast í ákveðinn farveg.

Í Skólapúlslinum kom fram að nemendur gætu tengst kennurum sínum betur. Ekki hefur verið lögð mikil vinna í innleiðingu nýs námsmats á síðustu árum sem þarf að bæta. Í vetur fóru fram umræður á fundum um námsmat og nemendasamtöl til að efla enn frekar tengsl nemanda og umsjónarkennara. Hvoru tveggja verður unnið áfram með á næsta skólaári og kemur fram í umbótaáætlun 2020-2021.

## 14. Umbætur

Umbótaáætlun og sjálfsmatsskýrsla ársins 2018-2019 var ekki kláruð fyrr en nýir stjórnendur tóku við sl. haust. Skólastjórnendur hafa haft umbótaáætlun til hliðsjónar í starfi vetrarins. Verkáætlun til þriggja ára (2017-2020) þarf að uppfæra á næsta skólaári.

Fulltrúar kennara og annars starfsfólks sem situr í innra mats nefnd fékk það hlutverk að taka niður á starfsmannafundum/stigsfundum skólaársins þau atriði sem telja má að séu umbætur eða verkefni sem verið er að framkvæma í vetur. Ítreka þarf mikilvægi þess að halda vel utanum fundargerðir og að þær sé hægt að nálgast á sameiginlegu tölvusvæði skólans. Í meðfylgjandi töflu eru taldar upp þær umbætur sem framkvæmdar hafa verið á skólaárinu 2019-2020 ásamt hugmyndum að umbótum fyrir skólaárið 2020-2021, þessar hugmyndir hafa verið ræddar á fundum hjá skólastjórnendum, í skólaráði og á starfsmannafundum, þó ekki til samþykktar.



	<b>Framkvæmdar umbætur skólaárið 2019-2020</b>	<b>Umbætur (tækifæri) sem flytjast yfir á skólaárið 2020-2021</b>	<b>Ábyrgðaraðili/ tímarammi.</b>
<i>Stefna og stefnumótun.</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skólaráð setti sér starfáætlun fyrir veturinn 2019-2020 á fyrsta fundi í des. 2019</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>SVÓT-greining starfsmanna/foreldra/nemenda (6.-10.b.)</li> <li>Skrá hvernig grunnþættir menntunar s.s. lýðræði fléttast inn í allt skólastarf</li> <li>Marka stefnu og markmið varðandi: Hvernig leggur Grunnskólinn Hellu áherslu á lýðheilsu, umhverfismál og útikennslu?</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stjórnendateymi (sept.-nóv. 2020)</li> <li>Stjórnendateymi ð (sept. 2020)</li> <li>Stjórnendur/Hanna Valdís/Hólmfríður/Aníta/Inga H. (Skólaárið 2020-2021)</li> <li>Stjórnendur/stigstjórar (Skólaárið 2020-2021) <b>Mentorsérfr</b></li> </ul>

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Móta og hefja innleiðingu á nýju námsmati fyrir Grunnskólann Hellu og nýta mentor til þess</li> </ul>	
<b>Stjórnun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Einkunnarorð skólans "virðing,vinátt, víðsýni" notuð markvisst á skóla­setningu og skóla­slitum.</li> <li>• Söguleg þróun Grunnskólans á Hellu inn á heimasíðu skólans.</li> <li>• Í starfslýsingu aðstoðarskóla­sjórnar kemur nú fram að hann ber ábyrgð á heimasíðu skólans varðandi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Allir bekkir vinni sérstaklega með einkunnarorð og merki skólans í a.m.k. 2-4 kennslustundir</li> <li>• Samskipti við framhaldsskólana skráð á heimasíðu</li> <li>• Uppfæra starfsmannahandbók og gera sýnilega á heimasíðu skólans</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stjórnendateymi/ umsjónarkennarar (sept. 2020)</li> <li>• Stjórnendateymið/faggreinakennarar á elsta stigi (skólaárið 2020)</li> <li>• Stjórnendateymið (sept. 2020)</li> </ul>

	uppfærslu á ýmsum upplýsingum yfir skólaárið.		
<b><i>Kennsla og kennsluhættir</i></b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Flestir starfsmenn fóru á námskeið hjá Skólalþjónustunni í haust sem fjallaði um orðaforðakennslu í öllum námsgreinum og að allir kennarar eru móðurmálskennarar.</li> <li>Reglulegar bókakynningar frá starfsmönnum bókasafns inn í bekki.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tengja úrvinnslu vistheimtarverkefnis Landgræðslunnar og Landverndar við stærðfræði- og náttúrufræðikennara í 6.-10.bekk</li> <li>„Nemendapín“ þar sem nemendur geta komið sínum skoðunum á framfæri (6.-10.bekkur niðurstöður skólalþjónustunnar)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stjórnendur/Hanna Valdís/Hólmfríður/Aníta/Inga H./Azfar (Skólaárið 2020-2021)</li> <li>Innra matsnefnd/umsjónarkennarar (jan.-maí 2021)</li> </ul>

<p><i>Stoðkerfið</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Opnir skóladagar, auglýstir á skóladagatali</li> <li>• Opið hús í skólanum þar sem boðið var upp á námsefniskynningar á öllum skólastigum</li> <li>• Móttökuáætlun ásamt viðtalsblöðum sett inn á heimasíðu skólans</li> <li>• Sérkennsluskýrsla unnin í samræmi við vorskýrslu Hagstofunnar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Foreldrum verðandi 1.bekkinga boðið til kynningar í skólann</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stjórnendur (maí 2021)</li> </ul>
<p><i>Virgni nemenda í skólanum.</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útbúinn viðtalsrammi og tekin nemendaviðtöl í nokkrum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Allir umsjónarkennarar taki tvö nemendaviðtöl við sína</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umsjónark. (sept.- febrúar 2020)</li> </ul>

	<p>bekkjum á öllum stigum.</p>	<p>umsjónarnemendur eitt í upphafi skólaárs og annað fyrir foreldraviðtöl í febrúar</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Styrkja trú nemenda á eigin vinnubrögðum (tengja við nemendaping, 6.-10.bekkur niðurstöður skólapúls)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Innra mats nefnd/umsjónarkennarar (jan.-maí 2021)</li> </ul>
<p><b>Líðan og heilsa nemenda</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þátttaka í árlegri hugleiðslustund</li> <li>• Árleg dansvika í skólanum</li> <li>• Samráðsfundur með starfsmönnum íþróttahúss og</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendaviðtöl 1 umsjónarkennara við umsjónarnemendur sem m.a. skoða líðan nemenda</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umsjónark. (sept.- des. 2020)</li> </ul>

	<p>Íþróttakennurum varðandi gæslu í búningsklefum að hausti.</p>		
<p><b>Skóla og bekkjarandi</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Reglulegir bekkjarfundir hjá einhverjum bekkjum á miðstigi og elsta stigi í lífsleiknitímum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lýðræðislegar umræður í nemendahópunum (6.-10.b) um niðurstöður skólapúlsins á nemendafingi</li> <li>• Reglulegir bekkjarfundir hjá öllum bekkjum á miðstigi og elsta stigi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Innra mats nefnd/umsjónarkennarar (jan.-maí 2021)</li> <li>• Umsjónark. (a.m.k. 5 yfirveturinn)</li> </ul>
<p><b>Heimanám</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Læsisstefna Grunnskólans Hellu kláruð og kynnt fyrir nemendum/foreldrum/kennurum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stjórnendur/stigsstjórar/umsjónark.(skólaárið 2020-2021)</li> <li>• Stjórnendur (ágúst 2020)</li> </ul>

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samræma mat v/heimalestur á miðstigi.</li> </ul>	
<i>Námsmat</i>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Móta og hefja innleiðingu á nýju námsmati fyrir Grunnskólann Hellu og nýta mentor til þess</li> <li>• Aðstoðarskóla stjóri sækir námskeið hjá mentor og miðlar til kennara</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stjórnendur/ stigstjórar (Skólaárið 2020-2021)</li> </ul> <p><b>Mentorsérfr</b> Aðstoðarskólastjóri (skólaárið 2020-2021)</p>
<i>Virgni og viðhorf nemenda til náms og kennslu</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þorgrímur Þránínsson hitti nemendur í 10. bekk og 1.-4. bekk.</li> <li>• Sigga Dögg kynfræðingur hitti nemendur 9.-10. bekk og foreldra þeirra.</li> <li>• Nemendur 10. Bekkjar tóku þátt hópefli</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samráð við foreldrafélagið um fyrirlestra og/eða námskeið sem henta hverju sinni fyrir foreldra/nemendur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stjórnendateymið/ foreldrafélagið (skólaári 2020 - 2021)</li> </ul>

	<p>hjá Kvan í þrjú skipti og voru foreldrar með í síðastaskiptið.</p>		
<b><i>Einelti</i></b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Endurvekja gæslu/leiki hjá nem.10.bekkjar með yngri nem.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stjórnendateymi/ umsjónarkennari 10.bekkjar (sept. 2020)</li> </ul>
<b><i>Aðstaða nemenda og þjónusta</i></b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hugmyndavinna með nemendum í 10.bekk varðandi aðstöðu og húsgögn á göngum skólans</li> </ul>		
<b><i>Almennar rekstrarupplýsingar</i></b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipta ípöðum upp í fjóra hópa (3 stig margmiðlun)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stjórnendateymi (ágúst 2021)</li> </ul>
<b><i>Samvinna/samstarf allir starfsmenn.</i></b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fyrirlestrar/námskeið fyrir allt starfsfólk</li> <li>• Árlegar starfsmannafe</li> </ul>		



	rðir að hausti og vori		
<b><i>Kennarar mat og endurgjöf</i></b>		<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefja jafningjamat/starfendaranns óknir innan skólans</li> </ul> <p>Stuðningstímar kennara inni í bekk eru nýttir í það, hver kennari skilar einu mati yfir skólaárið</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stjórnendateymi ð (skólaárið 2020-2021)</li> </ul>
<b><i>Kennarar símenntun kennara</i></b>	<ul style="list-style-type: none"> <li></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Endurvinna tímasetta símenntunará ætlun fyrir starfsfólk á heimsíðu skólans</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stjórnendur (sept.2020)</li> </ul>
<b><i>Foreldrasamstarf</i></b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þrír opnir skóladagar auglýstir á skóladagatali og heimasíðu</li> <li>Bæjarhellan</li> <li>Sýningar innan</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Yfirfara heimsíðu og uppsetningu á henni þannig að ljóst sé hvar má nálgast upplýsingar um skólastarfið</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stjórnendur (sept 2020)</li> </ul>

	námshgreina hjá bekkjum á skólatíma þar sem foreldrum er boðið að koma og fylgjast með		
--	--	--	--

Unnið upp úr fundargerðum skólaársins 2019-2020

Kristín Sigfúsdóttir; Kristinn Ingi Austmar Guðnason og Særún Sæmundsdóttir júní 2020

## 15. Niðurstöður

Þær kannanir sem skólinn fer yfirleitt í gegnum á skólaárinu eru yfirgripsmiklar og taka á flestum sviðum skólastarfsins en margt er þó erfitt að mæla. Í vetur setti covid-19 strik í reikninginn þar sem Skólapúlsinn var einungis lagður fyrir nemendur í október og foreldrakönnun sem fara átti fram í mars var ekki lögð fyrir. Gott samtal um niðurstöður skólapúlsins á starfsmannafundum og skólaráðsfundum er góð leið til að meta skólastarfið og leita jafnframt lausna við að bæta það sem þarf. Stjórnendur telja mikilvægt að þessi umræða fari einnig fram innan nemendahópsins þannig að raddir nemenda heyrir og þeir sjái tilganginn með þessum könnunum.

Liður 12 í innramatsskýrslunni er samantekt á niðurstöðum þeirrar könnunar sem gerð var á þessu skólaári. Þær niðurstöður tala að mestu sínu máli og þarf ekki að túlka sérstaklega. Þessar niðurstöður ásamt fundargerðum vetrarins var stuðst við af stjórnendum þegar umbótaáætlun næsta skólaárs (2020-2021) var gerð og beinast að því finna lausnir og leiðir til úrbóta, meðal annars með því að valdefla starfsfólk og nemendur. Einnig er horft til þeirra þátta sem birtast sem styrkleikar skólans og möguleikar eru á að efla enn frekar.

Út frá gögnum skýrslunnar verður nú leitast við að svara þeim matsspurningum sem lagt var upp með í skýrslunni.

### ***15.1 Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?***

Nýr skólastjóri og aðstoðarskólastjóri tóku við keflinu síðast liðið haust og þótt eitthvað hafi tekið breytingum á skólaárinu héldust í föstum skorðum mörg verkefni sem áratuga hefðir hafa fest í sessi eins og skólaútlit í desember, hátíðir skólans, samkennsla, útikennsla, trjáplöntun, Bæjarhellan, útgáfa skólablaðs og fleira.

Í grunninn er daglegur gangur í skólastarfinu hefðbundinn en innan þess ramma eru kennarar hvattir til að sýna frumkvæði og útfæra sínar leiðir í kennslunni og móta þannig skapandi skólafarir. Stefna skólans er nokkuð skýr og hefur skólinn ákveðna sérstöðu varðandi áherslu á útikennslu, náttúruna og tengsl við heimabyggðina. Skólinn leggur áherslu á almennt heilbrigði nemenda og stuðlar að heilbrigðum lífsstíl. Skólinn er vottaður sem handhafi Grænfánans. Með nýjum stjórnendum kemur inn meiri áhersla á list- og verkgreinar auk þess sem forritun verður sett í forgrunn á næstu árum. Skólinn hefur sett sér jafnréttis- og mannréttindaáætlun sem kennarar hafa til hliðsjónar inn í námsgreinar ásamt lestrarstefnu sem birt er á heimasíðu skólans.

### ***15.2 Líður starfsmönnum og nemendum vel í skólanum og eru þeir ánægðir með skólann sem vinnustað?***

Almennt má segja að nemendum líði vel í skólanum og virðist tíðni eineltis ekki aukast. Hópeflisferðir og vinna innan bekkja er snúa að líðan nemenda og geðheilbrigði virðast hjálpa til við að bæta líðan nemenda og halda einelti í skefjum. Mikilvægt er að skólinn endurskoði eineltisáætlun sína og kynni hana rækilega innan skólasamfélagsins til að efla samkennd og stuðla enn frekar að bættum jákvæðum samskiptum og útrýma þannig einelti.

### ***15.3 Stuðlar skólinn að framförum og áhuga á lestri?***

Niðurstöður Skólapúlsins sýna að nemendur hafa mikla ánægju af lestri og er mikilvægt að viðhalda þeim áhuga með góðu aðgengi nemenda að bókum/lesefni og tækifærum til að lesa sér bæði til ánægju og fróðleiks. Ný lestrarstefna Grunnskólans á Hellu er í vinnslu og styður áframhaldandi vinnu við að hvetja til lestrar, styðja við þá sem þurfa og gera nemendur enn betur læsa.

## **15.4 Stuðlar skólinn að heilbrigðum lífsstíl?**

Skólinn leggur áherslu á almennt heilbrigði nemenda. Með umhverfisfræðslu og útivist leitast skólinn við að stuðla að heilbrigðum lífsstíl. Þátttaka og frammistaða skólans í Skólahreysti eykur áhuga nemenda á íþróttum og hreyfingu. Einnig má segja að sú markvissa þjálfun sem fram fer frá skólabyrjun fyrir Skólahreysti sé líka heilsuhvetjandi fyrir nemendur. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu og/eða á frístundaheimili er langt yfir landsmeðaltali. Reykingar ásamt áfengis- og vímuefnavandamálum þekkjast ekki í skólanum. Mikil ánægja er með mótuneyti skólans og hátt hlutfall nemenda sækir það miðað við það sem gerist í öðrum skólum.

## **15.5 Er námsumhverfið hvetjandi, skapandi og fjölbreytt og tekur mið af mismunandi þörfum nemenda?**

Í grunninn er daglegur gangur í skólastarfinu hefðbundinn en innan þess ramma hafa kennarar svigrúm til að útfæra sínar leiðir í kennslunni. Með þessum sveigjanleika leynist möguleiki á fjölbreytni í kennslu sem kennarar nýta sér að ákveðnu marki innan og milli árganga.

Töluvert af vinnu nemenda fer fram í samstarfi þvert á bekki. Má þar nefna smiðjur í list- og verkgreinum á yngsta- og miðstigi, SNS á miðstigi, sameiginlega íþróttatíma í mörgum bekkjum og valgreinar á unglingsstigi. Þessi atriði hafa m.a. jákvæð áhrif á skólabraginn.

Áhersla er á að koma til móts við þarfir allra nemenda, þar á meðal nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku. Við skólann starfar pólskur kennari og tælenskur stundakennari sem sjá um móðurmálskennslu í pólsku og tælensku. Aðlögun nemenda með annað móðurmál en íslensku verður að teljast góð og árekstrar ekki til staðar. Í vetur hefur skólinn uppfyllt þá túlkajónustu sem þörf er á fyrir foreldra pólskra, tælenskra og enskra nemenda á teymisfundum. Bekkir skólans eru hæfilega stórir þannig að auðveldara er fyrir kennara að fylgjast með námsframvindu hvers nemanda og mæta þörfum hans. Stoðkerfi skólans reynist vel og þar fá þeir nemendur sem þurfa einstaklingsbundna námsskrá.

Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 9. bekk eru stöðugt til umræðu innan skólans og reynt að bregðast við eftir þörfum.

Frá október 2019 – mars 2020 voru lögð fyrir greiningarpróf í lestri og stærðfræði hjá 3. og 6. bekk og niðurstöður þeirra nýttar bæði fyrir bekkina og einstaklinga.

Eins og fram kemur í kaflanum um umbætur eru tækifæri skólans fjölmörg til að bæta námsumhverfi og koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.

### ***15.6 Stuðlar skólinn að góðum samskiptum við nærsamfélagið?***

Fjölgun skólaráðsfunda var m.a. hugsað til að stuðla að góðum samskiptum við nærsamfélagið en frá janúar 2018 hafa verið fundir a.m.k. þrisvar sinnum á haust- og vorönn. Þetta skólaár voru þeir heldur færri, bæði vegna þess að skólastjórnendur voru nýir og svo setti COVID strik í reikninginn. Þeir urðu þrír í heildina. Bæjarhellan tengir skólann við nærsamfélagið og þó að ekki hafi tekist að fá marga foreldra eða samfélagið til að taka þátt í vinnustöðvum Bæjarhellunnar eru samskiptin frábær á markaðsdeginum þegar fólk úr samfélaginu fjölmennir í íþróttahúsið til að taka þátt. Auk þess er foreldrum boðið í skólann á Degi íslenskrar tungu, á jólaskemmtun og á vorhátíð þar sem allir nemendur koma fram.

Nokkur fyrirtæki í samfélaginu eiga hrós skilið fyrir að hafa tekið vel á móti nemendum skólans í starfsnám og styrkt skólann með gjöfum sem t.d. hafa nýst vel í list- og verkgreinakennslu.